

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Hraunborgir í landi Hraunkots, svæði A.

Í breytingunni felst að á svæði A verður heimilt að reisa 150 m² frístundahús og 25 m² aukahús á hverri lóð í stað 100 m² og 8 m². Nýtingarhlutfall má ekki vera hærra en 0,03. Jafnframt eru afmarkaðar lóðir á svæði 3 fyrir 21 orlofshús sem eru til staðar á svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. október 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.